

# Gangnaseðill fyrir afrétt Enghlíðinga 2026



Göngur og réttir verða með svipuðu sniði og í fyrra. Smalað verður út Langadalsfjall að austan á laugardegi, þ.e. sama dag og Geitaskarð og fram Langadalsfjall. Eins og í fyrra verður bæði fé og hrossum smalað á Laxárdal um stóðréttarhelgina. Gangnastjórar geta í samráði við landbúnaðarnefnd fært eftirleitir/seinni göngur á milli daga eða helga eftir því sem kostur er, eftir veðurspám.

Fé úr Geitaskarði og fram-Langadalsfjalli verður rekið til Hvammsréttar í Langadal.

Í skoðun er að í fyrri göngum verði Tröllabotnasafn í hólfi á Þverá yfir nótt sem verður svo rekið niður í Skrapatungurétt á sunnudag. Þeir sem fara fram í Tröllabotna munu fara frá Kálfárdal til að styttu leið á göngur.

### **Fyrri göngur og réttir**

Laugardaginn 29. ágúst

- Út Langadalsfjall að austan (rétt að í Skrapatungurétt)
- Geitaskarð (Skarðsskarð)
- Fram Langadalsfjall
- Holtastaðafjall ásamt Skarðsbrekku
- **Hvammsrétt**

*(Ekki verður veitingasala í réttarskúr í Skrapatungurétt laugardaginn 29. ágúst)*

Sunnudaginn 30. ágúst

- Út Langadalsfjall að vestan

Föstudaginn 4. september

- Laxárdalur að norðan
- Laxárdalur að framan

Laugardaginn 6. september

- Tröllabotnar (rekið alla leið í Skrapatungurétt)
- Rekstur frá Kirkjuskarði

Sunnudaginn 6. september

- **Skrapatungurétt** – réttarstörf hefjast kl. 9:00. *Réttarstjóri, Gauti Jónsson*

### **Seinni göngur og réttir**

Föstudaginn 18. september

- Tröllabotnar

Laugardaginn 19. september

- Laxárdalur – seinni fjárgöngur og stóðsmölun

Sunnudagur 20. september

- Skrapatungurétt – Sundurdráttur á fé hefst kl. 9, Stóðrétt hefst kl. 11.

***Réttarstjóri, Ragnar H. Sigtryggsson***

Gert er ráð fyrir að í öllum göngum á Laxárdal, í Tröllabotnum og Langadalsfjalli sé einn gangnamaður á hjóli og eru gangnaforingjar beðnir um að finna aðila til þess. Eru þeir sem fara um á hjólum beðnir um að beita hjólum af varfærni til að forðast gróðurskemmdir.

**Gangnastjórar eru minntir á að tilkynna gangnamönnum í tíma hvenær mætt skuli á göngur.**

Heimalönd sem ekki eru smöluð sameiginlega helgina 29.-30. ágúst, ber að smala í síðasta lagi föstudaginn 28. ágúst og skulu landeigendur koma óskilafénaði sem fyrir kemur í landi þeirra til Skrapatunguréttar.

Stefnt er að því að útréttafé verði komið til Skrapatunguréttar síðari hluta sunnudags 6. september.

Það fé sem kemur fyrir á bæjum frá seinni rétt til fjárskila og ekki er sótt af eigendum, er heimilt að setja í náttahagahólfíð hjá Skrapatungurétt.

Áriðandi er að mætt sé stundvíslega til réttarstarfa.

### Hreppaskil og fleira

Heimalönd og önnur lönd skulu smöluð til fjárskila laugardaginn 3. október eða sunnudaginn 4. október. Á það einnig við um hross í heimalöndum.

Minnt skal á að öll lönd innan sveitarfélagsins skulu smöluð þessa daga rækilega sem ekki eru smöluð sameiginlega í eftirleitum. Fjárskil verða mánudaginn 5. október kl. 13:00 í Skrapatungurétt og þarf óskilafé að vera komið þangað ekki seinna en kl 13.

Þeir aðilar sem rétta stóð og annan fénað í Skrapatungurétt utan lögboðinna réttardaga eru vinsamlegast beðnir að ganga þannig um að réttin og önnur mannvirki standi eftir óskemmd.

Minnt skal á að allur samanrekstur á afréttarfénaði er með öllu óheimill utan lögboðinna gangnadaga, sé þess þörf ber að hafa fullt samráð við fjallskilastjóra og/eða fjallskilanefnd.

Engum er heimilt að eigna sér ómerkinga nema að sanna eignarrétt sinn á þeim.

Fjallskilasjóður greiðir kaffi fyrir gangnamenn í fyrri rétt eins og verið hefur.

Gangnakaup er 25.000 kr. dagsverkið.

Fjallskilaeiningin er 690 kr. og landgjald pr. þús. samkvæmt fasteignamatsskrá 23 kr.

Fjallskil eru lögð á hross sem rekin eru í afrétt, hvort heldur sem það er fram fyrir afréttargirðingu á Kirkjuskarði eður ei.


Framtalin kind telst 1 eining og hvert hross 7 einingar.

Gert í umboði sveitarstjórnar Húnabyggðar


Blönduósi 13. ágúst 2025



Rúnar Örn Guðmundsson, fjallskilastjóri



Halldór Skagfjörð Jónsson



Ragnar Heiðar Sigtryggsson

|                                     | Laxárdalur norðan |          |          |
|-------------------------------------|-------------------|----------|----------|
|                                     | 4.sep             | 19.sep.  | 27.sep.  |
| Breiðavað                           |                   | 2        |          |
| Skriðuland                          |                   | 1        |          |
| Bakkakot                            | 3                 | 2        | 2        |
| Sölvabakki                          | 4                 |          | 2        |
| Síða                                | 4                 |          |          |
| Miðgil                              |                   | 1        |          |
| Geitaskarð                          |                   | 3        |          |
|                                     |                   |          |          |
| <b>Samtals</b>                      | <b>11</b>         | <b>9</b> | <b>4</b> |
| Gangnastjóri Ragnar H. Sigtryggsson |                   |          |          |

|                | Laxárdalur framan |          |          |
|----------------|-------------------|----------|----------|
|                | 4.sep             | 19.sep   | 27.sep   |
| Breiðavað      | 4                 |          | 2        |
| Fagranes       | 2                 | 1        |          |
| Sölvabakki     |                   | 5        |          |
| Síða           | 1                 | 1        |          |
| Hvammur        | 1                 | 1        | 1        |
| Skriðuland     | 2                 |          |          |
|                |                   |          |          |
|                |                   |          |          |
|                |                   |          |          |
| <b>Samtals</b> | <b>10</b>         | <b>8</b> | <b>3</b> |

Gangnastjóri 1. og 3. göngur Bjarki Benediktsson.

Gangnastjóri 2. göngur Anna Margrét Jónsdóttir

|                | Tröllabotnar |           |          |
|----------------|--------------|-----------|----------|
|                | 5 sep.       | 18.sep    | 3.okt    |
| Breiðavað      | 3            | 4         |          |
| Bakkakot       | 2            | 1         |          |
| Sölvabakki     | 6            | 4         | 4        |
| Síða           | 6            | 3         |          |
| Miðgil         | 1            |           |          |
| Hvammur        |              | 1         |          |
| Fagranes       | 1            | 1         |          |
| Breiðavað      |              |           | 1        |
|                |              |           |          |
|                |              |           |          |
| <b>Samtals</b> | <b>19</b>    | <b>14</b> | <b>5</b> |

Gangnastjóri 1. og 2. göngur Rúnar Örn Guðmundsson

Gangnastjóri 3. göngur Sævar Sigurðsson

\* í fyrstu göngum reka sömu menn fé frá Þverá til réttar 6. september

|                | Selnes-<br>rétt | Skarðarétt | Skrapat.ré<br>tt f.<br>Bólhlíð. |
|----------------|-----------------|------------|---------------------------------|
|                |                 |            | 6.sep                           |
| Sölvabakki     | 1               |            |                                 |
| Hvammur        |                 | 1          | 1                               |
| <b>Samtals</b> | <b>1</b>        | <b>1</b>   | <b>1</b>                        |

|                | Rekstur frá<br>Kirkjuskar<br>ði |
|----------------|---------------------------------|
|                | 5.sep                           |
| Breiðavað      | 4                               |
| Hvammur        | 1                               |
|                |                                 |
| <b>Samtals</b> | <b>5</b>                        |

Rekstrarstjóri Bjarki Benediktsson

|                | Töfludráttur |          |
|----------------|--------------|----------|
|                | 6.sep.       | 20.sep.  |
| Sölvabakki     |              | 1        |
| Hvammur        | 1            |          |
| <b>Samtals</b> | <b>1</b>     | <b>1</b> |

| Skarðsskarð    |           |          |
|----------------|-----------|----------|
|                | 29. ág    | 26.sep   |
| Breiðavað      | 3         |          |
| Fagranes       | 2         | 3        |
| Bakkakot       | 2         |          |
| Skriðuland     |           | 3        |
| Hvammur        | 1         | 1        |
| Sölvabakki     | 2         |          |
|                |           |          |
|                |           |          |
|                |           |          |
| <b>Samtals</b> | <b>10</b> | <b>7</b> |

Gangnastjóri Halldór Skagfjörð Jónsson

| Holtastaðafjall og Skarðsbrekkur |          |          |
|----------------------------------|----------|----------|
|                                  | 29. ág   | 26.sep   |
| Breiðavað                        | 2        |          |
| Fagranes                         | 3        | 1        |
| Skriðuland                       | 1        | 1        |
|                                  |          |          |
|                                  |          |          |
| <b>Samtals</b>                   | <b>6</b> | <b>2</b> |

Gangnastjóri 1. göngur Bjarki Benediktsson

| Fram Langadalsfjall |          |          |
|---------------------|----------|----------|
|                     | 29.ág.   | 26.sep   |
| Skriðuland          | 3        | 4        |
| Hvammur             | 2        |          |
|                     |          |          |
|                     | <b>5</b> | <b>4</b> |

Gangnastjóri Bjartmar Halldórsson

| Út Langadalsfjall austan |           |          |          |
|--------------------------|-----------|----------|----------|
|                          | 29.ág.    | 19.sep.  | 26.sep   |
|                          |           |          |          |
| Sölvabakki               | 2         |          | 2        |
| Neðri-Mýrar              |           | 3        | 1        |
| Bakkakot                 |           |          | 2        |
| Blöndubakki              | 1         |          |          |
| Efri-Mýrar               | 2         | 3        | 1        |
| Síða                     | 6         |          |          |
|                          |           |          |          |
|                          |           |          |          |
|                          |           |          |          |
| <b>Samtals</b>           | <b>11</b> | <b>6</b> | <b>6</b> |

Gangnastjóri 1. göngur Rúnar Örn Guðmundsson

Gangnastjóri 2. göngur Sindri Páll Bjarnason

Gangnastjóri 3. göngur Ragnar H. Sigtryggsson

| Út Langadalsfjall vestan |           |          |
|--------------------------|-----------|----------|
|                          | 30.ág.    | 26.sep.  |
| Breiðavað                | 5         | 4        |
| Lækjardalur              | 1         | 1        |
| Síða                     | 3         |          |
| Gunnar Auð               | 1         |          |
| Efri-Mýrar               | 1         |          |
| Blöndubakki              | 1         | 1        |
| Sölvabakki               |           | 1        |
|                          |           |          |
|                          |           |          |
| <b>Samtals</b>           | <b>12</b> | <b>7</b> |

Gangnastjóri Bjarki Benediktsson

## Fjárhagsáætlun 2026

### Tekjur

|                                   |       |           |           |
|-----------------------------------|-------|-----------|-----------|
| Fjallskilaeiningar hross Blönduós | 217   | 1.000 kr. | 217.000   |
| Fjallskilaeiningar ær og hross    | 3.571 | 690 kr.   | 2.463.990 |
| Landgjald                         | 0     | 23 kr.    | 612.239   |
| Veiðiarður                        |       |           | 880.771   |

**Tekjur alls** **4.174.000**

### Gjöld

|                                      |           |
|--------------------------------------|-----------|
| Fjallskilakostnaður- göngur -réttir. | 4.054.000 |
| Flutningur fénaðar                   | 50.000    |
| Kaffi                                | 70.000    |

**Gjöld alls** **4.174.000**

**Mismunur** **0**

# Álögð fjallskil og vinna 2026

| Nöfn jarða:            | Einingar: | Lagt á búfé: | Landskattur: | Alls:     | Vinnuframlag: | Skuld/inneign |
|------------------------|-----------|--------------|--------------|-----------|---------------|---------------|
| Síða                   | 299       | 206.310      | 22057        | 228.367   | 600.000       | 371.633       |
| Hvammur                | 159       | 109.710      | 27945        | 137.655   | 289.500       | 139.345       |
| Bakkakot               | 303       | 209.070      | 8602         | 217.672   | 362.500       | 144.828       |
| Fagranes               | 390       | 269.100      | 6624         | 275.724   | 350.000       | 74.276        |
| Móberg                 |           |              | 11247        | 11.247    |               | 11.247        |
| Breiðavað              | 598       | 412.620      | 41400        | 454.020   | 775.000       | 320.980       |
| Fremstagil             |           |              | 41630        | 41.630    |               | 41.630        |
| Skriðuland             | 473       | 326.370      | 18136        | 344.506   | 375.000       | 30.494        |
| Sölvabakki             | 453       | 312.570      | 36225        | 348.795   | 777.000       | 428.205       |
| Holtastaðir            | 16        | 11.040       | 70840        | 81.880    |               | 81.880        |
| Neðri-Mýrar            | 77        | 53.130       | 25990        | 79.120    | 100.000       | 20.880        |
| Gunnar Auðunsson       | 70        | 48.300       | 6889         | 55.189    | 25.000        | 33.189        |
| Efri-Mýrar             |           |              | 27945        |           | 175.000       | 147.055       |
| Geitaskarð             | 203       | 140.070      | 52613        | 192.683   | 75.000        | 117.683       |
| Miðgil                 | 5         | 3.450        | 17158        | 20.608    | 50.000        | 29.392        |
| Miðgil land 1          |           |              | 17158        | 17.158    |               | 17.158        |
| Kúskerpi               |           |              | 22057        | 22.057    |               | 22.057        |
| Lækjardalur, Angela    |           |              | 15525        | 15.525    | 50.000        | 34.475        |
| Lækjardalur Lúðvík     | 105       | 72.450       | 17043        | 89.493    |               | 89.493        |
| Enni                   |           |              | 20447        | 20.447    |               | 20.447        |
| Björnólfsstaðir        | 273       | 188.370      | 46897        | 235.267   |               | 235.267       |
| Þorbrandsstaðir        |           |              | 17538        | 17.538    |               | 17.538        |
| Engihlíð               |           |              | 13570        | 13.570    |               | 13.570        |
| Blöndubakki            | 147       | 101.430      | 12926        | 114.356   | 50.000        | 64.356        |
| Sturluhóll             |           |              | 13777        | 13.777    |               | 13.777        |
| Kristín Josteinsdóttir | 21        | 21.000       |              | 14.490    |               | 14.490        |
| Eyjólfur Guðmundsson   | 56        | 56.000       |              | 38.640    |               | 38.640        |
| Hilmar Frímannsson     | 42        | 42.000       |              | 28.980    |               | 28.980        |
| Halldór Þorvaldsson    | 7         | 7.000        |              | 4.830     |               | 4.830         |
| Hnjúkahlíð             | 91        | 91.000       |              | 62.790    |               | 62.790        |
|                        | 3.788     | 2.680.990    | 612239       | 3.198.014 | 4.054.000     |               |